

Upplýsingar um innflytjendur & vegabréfsáritanir fyrir þolendur kynferðisofbeldis & ofbeldisverka

Erlendir nemendur og fræðimenn sem hafa spurningar um lagalega stöðu sína í landinu er ráðlagt að leita aðstoðar lögmanns sem sérhæfir sig í slíkum málum. Þetta skjal útskýrir ákveðna þætti laganna, en kemur ekki í staðinn fyrir lögfræðiráðgjöf.

Ég hef orðið fyrir ofbeldi, hefur lagaleg staða mín í landinu áhrif á aðgang minn að hjálparúræðum á háskólasvæðinu?

Nei. Samkvæmt lögum hafa nemendur og starfsfólk sem eru þolendur kynferðisárása og ofbeldisverka sömu réttindi og aðrir, samkvæmt grein IX undir lögum frá 1972 um menntunarendurbætur (Title IX) og lögum um ofbeldi gegn konum (VAWA), óháð lagalegri stöðu þolanda.

Upplýsingar um læknishjálp, ráðgjöf og gistingu á háskólasvæðinu má finna hér:

<https://1is2many.okstate.edu/>

Upplýsingar um meðferð atferlisatvika nemenda má finna hér:

<https://studentconduct.okstate.edu/code>

Háskólinn mun ekki grípa til refsiaðgerða gagnvart þér eða mismuna þér ef þú tilkynnir glæp.

Get ég stofnað til lögsóknar sama hvort ég er skráður eða óskráður innflytjandi?

Já. Upplýsingar um lagalegar skilgreiningar hvers fylkis á kynferðisárásam, heimilisofbeldi, stefnumótaofbeldi og áreitni má finna í árlegu öryggisskýrslunni:

<https://police.okstate.edu/annual-security-reports>

Ef þú hefur spurningar tengdar því að kæra glæp geturðu skrifað hingað:

Oklahoma State University Police Department, OSUPD
104 USDA Building, Stillwater, Oklahoma 74078
405-564-6523
<https://police.okstate.edu/>
1is2many@okstate.edu

Er til sérstök lagaleg staða eða vegabréfsáritun fyrir fórnarlömb glæpa?

Já. Fyrir þolendur kynferðisofbeldis, heimilisofbeldis, stefnumótaofbeldi og áreitni er möguleiki á annarskonar vegabréfsáritun, til dæmis U og T vegabréfsáritun. Talaðu við innflytjendalögfræðing fyrir frekari upplýsingar.

U Vegabréfsáritun	T Vegabréfsáritun
Fyrir þolendur talsverðs líkamlegs eða andlegs ofbeldis sem er afleiðing af ákveðnum glæpum, þar með talið kynferðisofbeldi, heimilisofbeldi, nauðgun, líkamsárás og aðrir tengdir glæpir. - Þolandi/umsækjandi verður að vera þolandi viðeigandi glæps og líkleg/ur til að geta hjálpað til við rannsókn og/eða lögsökn af þeim glæpi. - Almennt gilt í fjögur ár - Fyrir frekari upplýsingar, ráðfærðu þig innflytjendalögfræðing og leitaðu upplýsinga á: http://www.uscis.gov/humanitarian/victims-human-trafficking-other-crimes/victims-criminal-activity-u-nonimmigrant-status/victims-criminal-activity-u-nonimmigrant-status	Fyrir fórnarlömb mansals - Verður að verða við samngjörnum beiðnum um samvinnu frá lögregluþyrirvöldum við rannsókn eða lögsökn við mansalsglæpum (nema þolandi geti ekki tekið þátt vegna líkamlegs eða andlegs áfalls), og verður að geta sýnt fram á að þolandi/umsækjandi myndi líða mikið tjón ef hann/hún væri fluttur/ur frá Bandaríkjunum. - Almennt gilt í fjögur ár - Fyrir frekari upplýsingar, ráðfærðu þig við innflytjendalögfræðing og leitaðu upplýsinga á: http://www.uscis.gov/humanitarian/victims-human-trafficking-other-crimes/victims-human-trafficking-t-nonimmigrant-status

Er til skrifstofa á háskólasvæðinu sem getur veitt mér frekari upplýsingar?

, International Students & Scholars
250 Student Union, Stillwater, OK 74078
405-744-5459
<https://lcl.okstate.edu/iss/>
su-iss@okstate.edu

Skrifstofa erlendra nemenda og fræðimanna getur veitt gagnlegar upplýsingar varðandi lagalega stöðu innflytjenda. Vinsamlegast veitið því athygli að spurningar varðandi annarskonar vegabréfsáritanir eða lagalega möguleika sem falla fyrir utan F-1 og J-1 vegabréfsáritanir fyrir nemenda, eða vinnuleyfi studd af vinnuveitanda, er best að beina til löggilts innflytjendalögfræðings.

Vegabréfsáritanir

Nemendur með stöðu F-1 og J-1 • Möguleiki á að minnka við sig í námi vegna veikinda ef þau hafa verið staðfest af lækni, osteópata, eða löggiltum klínískum sálfræðingi • Möguleiki á og afleiðingar af því að hætta námi • Upplýsingar um að snúa aftur til náms seinna, ef nemandi ákveður að hætta námi tímabundið • Möguleiki á og afleiðingar af því að maki fylgi • Almennar upplýsingar um möguleika á að breyta vegabréfsáritun • Almennar upplýsingar um U og T vegabréfsáritanir (tilvísun til löggilts innflytjendalögfræðings) • Tilvísanir til löggilts lögfræðings	H-1B, O-1, E-3, eða TN starfsfólk • Möguleikar á leyfi frá vinnu, og hvaða áhrif það hefur á lagalega stöðu • Möguleiki á og afleiðingar af því að maki fylgi • Almennar upplýsingar um möguleika á að breyta vegabréfsáritun. Tilvísun til löggilts innflytjendalögfræðings. • Almennar upplýsingar um U og T vegabréfsáritanir (tilvísun til löggilts innflytjendalögfræðings) • Tilvísun til löggilts innflytjendalögfræðings • Tilvonandi handhafar varanlegrar búsetu í Bandaríkjunum (græna kortið ekki enn samþykkt) • Afleiðingar þess að yfirgefa vinnu á meðan þú bíður eftir samþykki á umsókn um varanlega búsetu sem studd er af vinnuveitanda; • Tilvísun til löggilts lögfræðings
---	--

Hvað er innflytjendalögfræðingur og hvað gera þeir?

Innflytjendalögfræðingar eru löggildir lögfræðingar sem sérhæfa sig í innflytjendalögum. Þeir vinna sem málsvari skjólstæðinga sinna, og geta verið fulltrúar þeirra fyrir innflytjendaeftirliti, bæði í dómssal og við að sækja um innflytjendabætur. Lögfræðingar geta gefið almenn ráð og rætt mismunandi möguleika fyrir innflytjendur. Lögfræðingurinn getur gefið almenna ráðgjöf og rætt mismunandi möguleika á innflutningi fólks til Bandaríkjanna. Eins og allir lögfræðingar þá eru innflytjendalögfræðingar bundnir lagalegum og siðferðislegum reglum, og halda trúnað við skjólstæðinga sína.

Hvar get ég fundið innflytjendalögfræðing þar sem ég bý?

Ríkisfangs- og innflytjendapjónusta Bandaríkjanna (USCIS), stofnun undir deild innanlandsöryggis (DHS) býður upp á tvær síður til að hjálpa einstaklingum við að finna ókeypis eða lággjalda lögfræðipjónustu:

[USCIS: Finndu hjálp á samfélagsheimasíðunni þinni](#)

[USCIS: Finndu vefsíðu fyrir lögfræðipjónustu](#)

[Nefnd fyrir áfrýjanir innflytjenda \(BIA\) heldur úti lista af lögfræðingum í hverju fylki sem bjóða upp á innflytjendapjónustu ókeypis eða gegn lágu gjaldi.](#)

[Samtök bandarískra innflytjendalögfræðinga \(AILA\) bjóða upp á tilvísunarþjónustu á netinu sem getur aðstoðað nemendur og fræðimenn við að finna innflytjendalögfræðing.](#)

[Samtök bandarískra lögfræðinga veitir einnig upplýsingar um hvernig finna má lögfræðipjónustu í hverju fylki.](#)